

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla 2007

ÖRNEFNANEFND

Neshaga 16, 107 Reykjavík

Sími 525 5158, Bréfasími 562 2699

www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Skipunartími fyrri örnefnanefndar rann út 31. júlí 2006. Vegna breytinga á stjórnsýslu og skipulagi ýmissa stofnana innan íslenskra fræða við sameiningu þeirra undir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem tók gildi 1. september 2006 var ný örnefnanefnd skipuð til aðeins þriggja mánaða og rann umboð hennar út 30. nóvember. Engin örnefnanefnd var starfandi frá 30. nóvember 2006 til 20. febrúar 2007 að menntamálaráðherra skipaði nýja örnefnanefnd frá 20. febrúar 2007 til 20. febrúar 2011.

Örnefnanefnd var þannig skipuð frá 20. febrúar 2007:

Póra Björk Hjartardóttir formaður.

Varamaður: *Haraldur Bernharðsson*.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfissráðuneyti.

Varamaður: *Danfríður Skarphéðinsdóttir*.

Svavar Sigmundsson, varaformaður, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Varamaður: *Guðrún Kvaran*.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi: *Pórarinn Eldjárn*. Til vara: *Steinunn Stefánsdóttir*.

Jónas Jónsson lést 24. júlí 2007 og var Danfríður Skarphéðinsdóttir skipuð aðalmaður í stað Jónasar frá 19. október 2007. Varamaður hennar er Hrafn Hallgrímsson.

Örnefnanefnd hefur haft aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Lyngási 7 í Garðabæ. Nafnfræðisviðið annast skrifstofuhald og fjármál nefndarinnar. Örnefnanefnd fluttist með nafnfræðisviði í nýtt húsnæði að Neshaga 16 í Reykjavík í janúar 2008.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;

2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Á heimasíðu nefndarinnar má finna lög og reglugerð um störf örnefnanefndar, meginsjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru níu fundir í örnefnanefnd árið 2007.

Nöfn býla

Tilkynningar um nöfn nýbýla:

Örnefnanefnd b árust á árinu formlegar tilkynningar um 79 nöfn og er það umtalsverð fjölgun frá árinu áður en þá voru þær 41 talsins. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 62 ný nöfn samþykkt. Að auki voru afgreidd sex erindi sem frestað hafði verið 2006 og þau öll samþykkt. Alls voru því 68 ný nöfn samþykkt og send þinglýsingarstjórum. Sex erindum var vísað frá eða frestað og ellefu var hafnað.

Ástæðan fyrir því að erindum var vísað frá eða frestað var fyrst og fremst sú að ekki lágu fyrir leyfi frá landbúnaðarráðherra til stofnunar nýbýla eða vottorð um eignarrétt málsaðila vantaði.

Átta nafntilkynningum var hafnað vegna þess að í sama umdæmi sýslumanns var önnur skráð fasteign með sama nafni, en slíkt er andstætt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 og reglugerð nr. 136/1999. Þremur tilkynningum var hafnað með vísan til þess að nafnið væri andstætt nafngiftahefð.

Beiðnir um breytingar á nöfnum býla:

Örnefnanefnd fékk á árinu sjö formleg erindi um nafnbreytingu á býli og heimilaði fimm þeirra. Í einu tilfelli var um að ræða samnefni í sama sýslumannsumdæmi og í öðru voru margir bæir með sömu nöfn en aðgreind með númerum á einni og sömu torfunni. Þrjár breytinganna voru heimilaðar til að greiða úr nafnabrenslun sem orðið hafði við skiptingu jarða og samruna spildna. Í engu tilvikanna var því um að ræða að fyrra nafn væri aflagt sem býlisheiti í viðkomandi sýslumannsumdæmi.

Tveimur beiðnum um breytingu var hafnað með vísan til þess að fyrir væri býli með því nafni sem óskað var eftir í sama umdæmi sýslumanns.

Ný nöfn 2007

Árið 2007 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Álftadæl. Úr landi Bárar í Flóahreppi.

Árgerði. Úr landi Mjósyndis í Flóahreppi.

Ásnes. Úr landi Rauðalækjar í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Ástún. Úr landi Breiðholts í Flóahreppi.

Bláeyri. Úr landi Hlíðargarðs á Fljótsdalshéraði.

Brimstaðir. Úr landi Ragnheiðarstaða í Flóahreppi.

Brjánsstaðir II. Úr landi Brjánsstaða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Efsta-Sel. Úr landi Neðra-Sels í Rangárþingi ytra.

Fákshólar. Úr landi Áss I í Ásahreppi.

Fögruvellir. Úr landi Stóru-Valla í Rangárþingi ytra.

Gamlarétt. Úr landi Hellishóla í Rangárþingi eystra.

Garðshorn. Úr landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Gegnishólapartur II. Úr landi Gegnishólaparts í Flóahreppi.

Glóruhlíð. Úr landi Vestra-Geldingaholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hafnarberg. Úr landi Hafnar í Hvalfjarðarsveit.
Héðinsgerði. Úr landi Langholts II í Flóahreppi.
Heiðargarður. Úr landi Mjósyndis í Flóahreppi.
Hjallaheiði. Úr landi Hjalla í Þingeyjarsveit.
Hlíðarbrún. Úr landi Hróarsholts í Flóahreppi.
Hnaus II. Úr landi Hnauss í Flóahreppi.
Hóll. Úr landi Eystri-Hóls í Rangárþingi eystra.
Holtabrún. Úr landi Hallstúns í Rangárþingi ytra.
Kvistabær. Úr landi Stóra-Fljóts (Fljótsholts) í Bláskógabyggð.
Lækjarás. Úr landi Lækjartúns í Ásahreppi.
Lækjarás. Úr landi Stóru-Lauga í Þingeyjarsveit.
Laufás. Úr landi Hellatúns I í Ásahreppi.
Lindarsel. Úr landi Efra-Langholts í Hrunamannahreppi.
Litlaholt. Úr landi Ölvisholts II í Flóahreppi.
Melhús (ft.). Úr landi Stóru-Tjarnar í Þingeyjarsveit.
Merkurheimar. Úr landi Skálmholts (Merkurlautar) í Flóahreppi.
Miðholt. Úr landi Halakots í Flóahreppi.
Móholt. Úr landi Langholts II í Flóahreppi.
Mýrarholt. Úr landi Langholts II í Flóahreppi.
Naustavík. Úr landi Víkur í Sveitarfélaginu Skagafirði (Fljótum).
Núpsbakki. Úr landi Núps II í Rangárþingi eystra.
Nýibær I. Úr landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.
Ormsstaðir I. Úr landi Ormsstaða í Breiðdalshreppi.
Ormsstaðir II. Úr landi Ormsstaða í Breiðdalshreppi.
Sauðhagi. Úr landi Þingdals í Flóahreppi.
Sellækur. Úr landi Beinárgerðis á Fljótsdalshéraði.
Silfurmýri. Úr landi Miðbæjar í Hrunamannahreppi.
Skógarhlíð. Úr landi Efra-Apavatns II í Bláskógabyggð.
Slétta. Úr landi Gegnishólaparts í Flóahreppi.
Stangarlækur I. Úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Stangarlækur II. Úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Steinahlíð. Úr landi Kross í Borgarbyggð.
Steinslækur I. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinslækur II. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinslækur III. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinslækur IV. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinslækur V. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinslækur VI. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinslækur VII. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinslækur VIII. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.

Steinslækur IX. Úr landi Hvamms í Rangárþingi ytra.
Steinteigur. Úr landi Hvamms III í Rangárþingi ytra.
Stekkjargrund. Úr landi Ormskots í Rangárþingi eystra.
Þingheimar. Úr landi Forsætis í Rangárþingi eystra.
Þjórsárnes. Úr landi Ferjuness í Flóahreppi.
Tjaldhóll. Úr landi Þóroddsstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Tjarnarnes. Úr landi Svínhaga í Rangárþingi ytra.
Tjarnastaðir. Úr landi Ragnheiðarstaða í Flóahreppi.
Traðarland. Úr landi Traðar í Rangárþingi eystra.
Úlfsey. Úr landi Syðri-Úlfsstaða í Rangárþingi eystra.
Útkot III. Úr landi Útkots í Reykjavíkurborg (Kjalarnesi).
Versalir. Úr landi Uppsala í Flóahreppi.
Vöðlar. Úr landi Snjallsteinshöfða II í Rangárþingi ytra.
Ytri-Hóll III. Úr landi Ytra-Hóls í Skagabyggð.

Árið 2007 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum skv. lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.

Björk I. Áður Björk, land 4 í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Lyngdalur. Áður Björk I í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Sóltún. Áður Holtakot í Bláskógabyggð.
Þingholt. Áður Flagbjarnarholt í Rangárþingi ytra.
Vorsabæjarholt. Áður Vorsabær III í Flóahreppi.

Nöfn sveitarfélaga

Örnefnanefnd veitti á árinu eina umsögn um fyrirhugaða breytingu á nafni sveitarfélags.

Reykjavík, 4. febrúar 2008

ÖRNEFNANEFND

Þóra Björk Hjartardóttir formaður